

Í Fossvogsskóla er lögð áhersla á að hafa verkefni fjölbreytt og nota ýmsa miðla við framsetningu og úrvinnslu efnis. Kennari talar eins mikla ensku í kennslustundum og mögulegt er auk þess sem nemendur eru hvattir til að tjá sig sem mest munnlega á ensku.

Til að þjálfa skilning og talmál enn betur er hefð fyrir því að erlendir kennaranemar taki þátt í eða stýri kennslustundum í lengri eða skemmri tíma. Nemendur leggja einfaldar spurningar fyrir kennaranemana og fá gjarnan kynningu á heimalandi þeirra og þjóð.

Til útskýringar: Texti á gráum fleti er hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013.

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum. Við lok 4.bekkjara getur nemandi:

Hlustun

skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt,

- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum,
- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni,
- fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.

Nemandi

- hlustar á talað mál og tónlist
- æfir framburð og leikni
- vinnur með hlustunarefni á fjölbreyttan hátt
- tengir myndir og orð út frá hlustun

Lesskilningur

lesið og skilið stutta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum,

- skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,
- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,
- lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

Nemandi

- les í námsbókum
- tekur þátt í umræðum
- vinnur ýmis skrifleg verkefni úr daglega lífinu
- hlustar á sögur af netinu (storyonline)
- les léttlestrarbækur að eigin vali
- vinnur skrifleg verkefni úr efni lestrarbóka
- les stutta kafla fyrir kennara og ræðir um efni bókana

<p>Námsleiðir</p>	<ul style="list-style-type: none"> • lestur texta • hlustun • einföld orðasambönd æfð í para – og hópvinnu
<p>Samskipti <i>haldið uppi einföldum samræðum eð stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum,</i></p> <p>-spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst, -skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu, -tekið þátt í samskipta-leikjum og unnið samtalsæfingar.</p>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekur þátt í einföldum samtölum • nefnir hluti í skólastofunni • heilsar og kveður • æfir einföld orðasambönd í tengslum við þema hverju sinni • finnur orð og orðasambönd úr lexíu tímans og segir við kennara þegar hann kveður • svarar ýmsum fyrirspurnum kennara tengdum efninu, tengist oftast honum sjálfum eða nánasta umhverfi • æfir samtöl með paravinnu • tjáir sig í gegnum leik með kunnuglegum orðaforða
<p>Námsleiðir</p>	<p>hlutverkaleikir í hringekju, t.d. samtöl í verslun, á veitingastað, teboð (food)</p>
<p>Frásögn <i>í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum,</i></p> <p>-sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt, -endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv., -flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.</p>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáir sig um sjálfan sig, vini og fjölskyldu í tengslum við tilheyrandi þema • tjáir sig um áhugamál, nánasta umhverfi • endursegir og lýsir atburðum með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. • æfir og les upphátt fyrir bekkjarfélaga

<p>Námsleiðir</p>	<ul style="list-style-type: none"> • samræður • kórlestur og einstaklingslestur • endursögn • frásögn
<p>Ritun <i>skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt, saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki,</i></p> <p>-skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista, -lyst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi, -skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst, -samið stuttan texta frá eigin brjosti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • skrifar stuttar frásagnir tengdar efni sem unnið er með, einstaklingslega og í pörum
<p>Menningarläsi <i>sýnt fram á að hann kunnir skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans menningu,</i></p> <p>-sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða -sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra, -sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</p>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • kynnist daglegu lífi og hefðum fólks í Bretlandi • skoðar landakort af Bretlandi og völdum stöðum í tengslum við námsefnið • skoðar myndir og myndbönd um menningu og af umhverfi á Bretlandi • lesa og hlusta á sögur frá ensku málumhverfi
<p>Námsleiðir</p>	<ul style="list-style-type: none"> • komið inn á daglegt líf og hefðir fólks í Bretlandi í tengslum við ýmis þemu • sýnd landakort af Bretlandi og völdum stöðum tengdum námsefninu

	<ul style="list-style-type: none"> • sýndar myndir og myndbönd sem sýna menningu og umhverfi á Bretlandi • barnamenning kynnt í gegnum lestur námsbóka og frjálslestrarbóka og hlustun á sögur frá ensku málumhverfi
<p>Námshæfni <i>sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf,</i></p> <p>-beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki, - beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur, - tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu, - tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja, - nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p>	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> • hlustar á efni tengt námsefninu • notar þann orðaforða sem hann býr yfir í tengslum við myndir og atburðarrás í námsefninu • skrifar orð úr námsefninu • les einfaldan texta
Námsleiðir	<ul style="list-style-type: none"> • hópvinna • paravinna
Þjargir – námsgögn	<ul style="list-style-type: none"> • Abracadabra beginners, • Abrcadabra 1, • Workbooks • Barnaorðabók forlagsins • Wordsearch • Enskar gátur og þrautir • Ýmis námsspil • Comprehending informational • Reading maps • Cloze in on language • Differentiated Cloze • Usborne reading books • Hickory, Dickory, Dock.
Námsmat	Virkni, ástundun og vinnubrögð metin jafnóðum.

	Lögð eru fyrir munnleg og skrifleg matsblöð í lok hvers þema.
--	---